



Til framkvæmdarstjóra sveitarfélaga

Dagsetning
Málsnúmer

1. júlí 2024
IRN24070006

Gjaldfrjálsar skólamáltíðir skólaárið 2024-2025

Alþingi Íslands samþykkti í júní sl. breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 (1114. mál 154. löggjafarþing) þar sem Jöfnunarsjóði sveitarfélaga var falið það hlutverk að úthluta framlagi til sveitarfélaga sem bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir. Gert er ráð fyrir að við tekjur Jöfnunarsjóðs bætist viðbótarframlag úr ríkisjóði sem kemur til úthlutunar til sveitarfélaga og skiptist framlagið hlutfallslega eftir heildarnemendafjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan. Miðað er við að Jöfnunarsjóður úthluti framlagi til sveitarfélaga mánaðarlega frá ágúst 2024 til loka árs 2027, að undanskildum júlímánuði ár hvert, auk þess sem úthlutun framlagsins í ágúst mánuði mun taka mið af því að skólar hefjast um miðjan mánuðinn.

Forsenda úthlutunar er að sveitarfélag bjóði nemendum upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir, þ.m.t. nemendum í sjálfstætt reknum grunnskólum, en útfærslan á því með hvaða hætti boðið er upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir er háð ákvörðun hvers sveitarfélags.

Með vísan til framangreinds óskar Jöfnunarsjóður eftir upplýsingum um hvort sveitarfélagið hyggst bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir í sveitarfélaginu á skólaárinu 2024-2025. **Þar sem gert er ráð fyrir að fyrsta greiðslan komi til framkvæmdar í ágúst n.k., er óskað eftir að upplýsingarnar berist rafrænt á vefgátt Jöfnunarsjóðs og einnig á netfangið elmar.bjornsson@irn.is eigi síðar en 12. Júlí n.k.**


Guðni Geir Einarsson
F.h. ráðherra


Elmar Björnsson